



Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um endanlegan kostnað vegna framkvæmda á Óðinstorgi og nágrenni

Á fundi borgarráðs 13. ágúst sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram eftirfarandi fyrirspurnir:

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir upplýsingum um endanlegan kostnað vegna Óðinstorgs en kostnaðaráætlun vegna Óðinstorgs og Týsgötu að hluta eins og tilgreint er í heimild borgarráðs sem veitt var fimmtudaginn 21. mars 2019 hljóðaði upp á 300 mkr. Þá var áætlað að framkvæmdir myndu hefjast í maí og að þeim mundi ljúka í september 2019 en framkvæmdirnar hafa dregist töluvert eða í u.þ.b. ár. Hlekkur á heimild borgarráðs:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/12_thingholt_torg_tysgata_endurgerd.pdf .

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Svar við fyrirspurninni má sjá í svarlið 1. hér að neðan.

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

- 1. Hver er heildarkostnaður við Óðinstorg og nágrenni frá upphafi og miðað við daginn sem fyrirspurninni er svarað sundurliðaður eftir öllum verkþáttum tæmandi talið þ.m.t. hitalögn, torgið sjálft, allar nærliggjandi götur sem voru endurnýjaðar og s frv.?*
- 2. Hver er kostnaður Veitna ehf. í endurgerð Óðinstorgs og nágrennis?*
- 3. Ber Reykjavíkurborg einhvern kostnað vegna Minjaverndar á svæðinu?*
- 4. Hafa fallið til aukaverk sem ekki voru í samþykktu útboði?*
- 5. Ef já—hver eru þau og hvað kosta þau tæmandi talið?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfis- og skipulagssviði eru svör eftirfarandi:

- 1. Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar við endurnýjun Óðinstorgs er 60,6 mkr. Heildar framkvæmdakostnaður Reykjavíkurborgar við endurgerð Óðinsgötu, Óðinstorgs, Týsgötu og Freyjutorgs hluta Spítalastígs, Skólavörðustígs, Lokastígs, Bjargarstígs og Freyjugötu árin 2017-2020 er 474,2 mkr. Samþykktar fjárheimildir borgarráðs vegna verkefnisins nema 505 mkr.*

Sundurliðun niður á verkþætti er sem hér segir:

- 1. Aðstæður á vinnusvæði ofl.*
 - 1. Reykjavíkurborg kr. 21.373.256*
 - 2. Veitur kr. kr. 7.504.253*
- 2. Gatnagerð og jarðvinna*

1. Reykjavíkurborg kr. 277.013.712
 2. Veitur kr. 7.110.000
 3. *Veitur*
 1. Reykjavíkurborg raflýsing kr. 18.705.916
 2. Veitur, aðrar lagnir kr. 142.068.880
 4. *Blágrænar ofanvatnslausnir*
 1. Reykjavíkurborg kr. 1.129.900
 2. Veitur kr. 11.704.000
 5. *Hönnun*
 1. Reykjavíkurborg kr. 58.956.408
 6. *Verkefirlit*
 1. Reykjavíkurborg kr.19.418.922
 7. *Aukaverk*
 1. Reykjavíkurborg kr. 48.647953
 2. Veitur kr. 14.150.656
 8. *Kostnaður greiddur verktaka vegna fornleifa*
 1. Reykjavíkurborg kr.1,302.436
 2. Veitur kr. 502.500
 9. *Annar kostnaður*
 1. Reykjavíkurborg kr.19.201.564
- Kostnaður Reykjavíkurborgar við snjóbræðslu gatna og torga er kr. 47.898.974.

Heildar framkvæmdakostnaður skipt niður á verkhluta er sem hér segir:

Verkhlutar	Hreyft flatarmál	Kostnaður Reykjavíkurborgar við hvern verkhluta
Skólavörðustígur	170 m ²	15.267.547
Óðinsgata	1.970 m ²	176.923.924
Spítalastígur	760 m ²	68.254.915
Óðinstorg	675 m ²	60.621.141
Týsgata	945 m ²	84.869.598
Lokastígur	50 m ²	4.490.455
Freyjutorg	170 m ²	15.267.547
Freyjugata	150 m ²	13.471.365
Bjargarstígur	90 m ²	8.082.819
Óðinsgata v/Freyjutorg	300 m ²	26.942.729
Samtals heildarkostnaður 2017 - 2020	5.280 m²	474.192.039

Fjárheimildir 2017 - 2020

2017	15.000
2018	90.000
2019	330.000
2020	70.000
Samtals heildarfjárheimildir 2017 - 2020	505.000

Sjá má verkhlutaskiptingu á mynd í fylgiskjali 1.

2. Heildar framkvæmdakostnaður Veitna við endurgerð Óðinsgötu, Óðinstorgs, Týsgötu, hluta Spítalastígs og Freyjutorgs árin 2017-2020 nemur kr. 183.040.289.
3. Kostnaður Reykjavíkurborgar við fornleifauppgröft á framkvæmdasvæði Óðinsgötu,

Óðinstorgs, Týsgötu, hluta Spítalastígs og Freyjutorgs árin 2017-2020 nemur kr. 8.491.996.

4. Samþykkt aukaverk við endurgerð Óðinsgötu, Óðinstorgs, Týsgötu, hluta Spítalastígs og Freyjutorgs árin 2017-2020.

4.1. Reykjavíkurborg kr. 49.950.389 sem nemur 10.7% af heildar framkvæmdakostnaði Reykjavíkurborgar við framkvæmdina.

4.2. Veitur kr. 14.653.156 sem nemur 8,0% af heildar framkvæmdakostnaði Veitna við framkvæmdina.


5. Vísað er til svars undir lið 4.

Óli Jón Hertervig
skrifstofustjóri eignaskrifstofu

Hjálagt:
Fylgiskjal 1. Mynd af verkhlutaskiptingu



Fylgiskjal 1 - Nánari skýringar og afstöðumynd:



Skýringamyndin sýnir hreyft yfirborð mælt í m² vegna framkvæmda við endurnýjun lagna og yfirborðs ásamt gerð djúpgámastöðvar.



- Uppgrafið svæði vegna framkvæmda við endurgerð Freyjutorgs við Óðinsgötu, Bjargarstíg og Freyjugötu ásamt uppsetningu djúpgámastöðvar.
- Uppgrafið svæði vegna framkvæmda við endurgerð Óðinsgötu, Óðinstorgs, hluta Spítalastígs, Skólavörðustígs, Lokastígs og Týsgötu.

Verkið var unnið í þrennu lagi.

- Vinnu við Óðinsgötu 2), Freyjugötu, Bjargarstíg og Freyjutorg. Verkið vann PK verk ehf,
- Vinnu við Óðinsgötu 1), hluta Skólavörðustígs, Spítalastígs, Lokastígs og Óðinstorg. Verkið vann Bjösssi ehf.
- Vinnu við Týsgötu og hluta Lokastígs. Verkið vann Garðyrkjuþjónustan ehf.

Reykjavík 4. desember 2020

Ólafur Ólafsson
deildarstjóri
Skrifstofu framkvæmda og viðhalds
Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar